



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011
Mál nr. 1101001

Efni: Umsögn, skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, mál 741.




Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum Samtaka atvinnulífsins, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, VM-Félags vélstjóra og málmáttaknimaða og Landssambands íslenskra útvegsmanna, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.



Samtökin hafa áður sent sameiginlega umsögn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þann 26. janúar 2011. Frumvarpsdrögin hafa tekið breytingum til aukins ójöfnuðar, en grundvöllur þess er óbreyttur. Búið er að opna á að öll hagsmunafélög smábátaeigenda geti nýtt sér umrædda lagaheimild í stað aðeins Landssambands smábátaeigenda. Það er því skoðun okkar að hér sé aðeins verið að opna á sérmeðferð fyrir smábátaeigendur. Frumvarpið felur engar réttarbætur í sér, heldur er einungis verið að fella niður greiðslumiðlunarhluta laganna og að tryggja áfram lögbundið innheimtuhagræði af hálfu ríkisins til Landsambands smábátaeigenda.

Afstaða undirritaðra samtaka hefur lengi verið kunn, en hún er að fella eigi ákvæði laganna um greiðslumiðlun úr gildi, enda hafa verið sett lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, slysa – og líftryggingar skipverja eru tryggðar í siglingalögum, sem og að aðilar hafa samið um þessi mál með kjarasamningum sín á milli, en ekkert mat er lagt á þá staðreynd að Landssamband smábátaeigenda eða önnur félög smábátaeigenda hafa enga kjarasamninga gert við sína sjómenn. Þannig er engin tilraun er gerð til þess að nálgast samtök sjómanna í frumvarpinu sem eiga aðild að greiðslumiðluninni, heldur beinlínis sagt að: „ekki þyki rétt að mæla fyrir um greiðslumiðlun í þágu launþega“.

Breytingin á innheimtuhagræðinu felst í því að hún verður valkvæð. Með því móti sé komið til móts við réttarvernd stjórnarskrárinnar. Það eru því engar lögmætar ástæður fyrir því að hafna því að önnur félög í sjávarútvegi eigi ekki að geta notið þessa hagræðis, eins og smábátaeigendur, velji menn það á annað borð.

Það er óeðlilegt að smábátaeigendur njóti einir ríkisaðstoðar með því að ríkisstofnanir tryggja innheimtu gjalda skv. gjaldskrá félagsins í lögum. Það er kaldhæðnislegt að samtökin sem málið beindist gegn skuli ein njóta sérstaks hægræðis með innheimtu félagsgjaldsins, en engin lögmæt rök hniga til þess. Farið er því þess á leit að umrædd 2. gr. frumvarpsins verði felld út.


SA

SSI

VM


LIÚ

FFSÍ